



Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps - 584

FUNDARBOÐ

**584. fundur Sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps
verður haldinn Strandgötu 38, fimmtudaginn 13. janúar 2022 og hefst kl.
18:00.**

Dagskrá:

Almenn erindi

1. 2112062 - Samþykkt um meðhöndlun úrgangs

Samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Tálknafjarðarhreppi lögð fram til síðari umræðu. Áður á dagskrá 583. fundar sveitarstjórnar sem fór fram 15.12.2021.

2. 2112050 - Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Tálknafjarðarhrepps.

Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Tálknafjarðarhrepps lögð fram til samþykktar. Mál frá 583. fundi sveitarstjórnar sem fór fram 15.12.2021.

3. 2112083 - Úthlutun byggðakvóta 2021 - 2022

Erindi frá Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytinu dags. 21.12.2021 þar sem tilkynnt er um fyrirkomulag á úthlutun byggðakvóta til byggðalaga fiskveiðiárið 2021/2022 og sveitarfélögum gefin kostur á að senda ráðuneytinu tillögur að sérreglum. Fram kemur að á fiskveiðiárinu 2021/2022 hefur ráðherra 4.632 þorskígildistonn til ráðstöfunar til byggðalaga sem falla undir skilyrði a. og b. liðar í 1. gr. reglugeðar nr. 919/2021 um úthlutun byggðakvóta til byggðalaga á fiskveiðiárinu 2021/2022. Hluttur Tálknafjarðar í úthlutuninni er 6,49% eða 300 þorskígildistonn á fiskveiðiárinu 2021/2022.

4. 2112063 - Umsagnarbeiðni vegna aukins umfangs seiðaframleiðslu Arctic Smolt í Norður-Botni.

Erindi frá Skipulagsstofnun frá 20.12.2021 þar sem óskað er eftir því að Tálknafjarðarhreppur veiti umsögn vegna fyrirspurnar Arctic Smolt dags. 13.12.2021 um matsskyldu vegna áætlunar fyrirtækisins um að auka umfang seiðaframleiðslu fyrirtækisins í Norður-Botni um 1.400 tonna lífmassa eða samtals í 2.400 tonn.

5. 2112047 - Hleðslustövar Tesla

Erindi frá Bláma dags. 13.12.2021 vegna hleðslustöðva Tesla á Vestfjörðum.

Til kynningar

6. 1911581 - Tálknafjarðarvegur

Erindi frá Vegargerðinni dags. 13.12.2021 vegna yfirfærslu veghalds Tálknafjarðarvegar



frá Vegaagerðinni til Tálknafjarðarhrepps.

7. 2106168 - Valkostagreining

Erindi frá Strandabyggð dags. 15.12.2021 og Árneshreppi dags. 06.01.2022 þar sem greint er frá viðbrögðum sveitarfélagnna við ósk Tálknafjarðarhrepps um óformlegar viðræður um sameiningar sveitarfélaga. Jafnframt er lagt fram svar Vesturbyggðar við sama erindi dags. 20.12.2021 þar sem jafnframt kemur fram ósk bæjarstjórnar Vesturbyggðar um viðræður við sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps til að ræða sameiningarvilja þessara tveggja sveitarfélaga þegar niðurstöður óformlegrar könnunar Tálknafjarðarhrepps liggur fyrir.

8. 2201004 - Fjórðungssþing 2022

Erindi frá Fjórðungssambandi Vestfirðinga dags. 03.01.2021 þar sem tilkynnt er um ákvörðun stjórnar Fjórðungssambandsins um að Fjórðungssþing að vori verði haldið 06.04.2022, Fjórðungssþing að hausti 09.09.2022-10.09.2022 og aukasþing á kosningarári 14.06.2022.

9. 2201008 - Aðalfundur Hvetjanda 2022

Erindi frá stjórn Hvetjanda hf. þar sme boðað er til aðalfundar félagsins vegna rekstrarárins 2020. Fundurinn fer fram í Bolungarvík 17.01.2022.

10. 2201012 - Orkufundur 2021

Erindi frá Samtökum orkusveitarfélaga dags. 06.01.2022 þar boðað er til frestaðs orkufundar 2021, en hann fer fram í fjarfundi 14.01.2022.

11. 2201021 - Upplýsingagjöf sveitarstjóra 2022

Á fundinum verður lagt fram minnisblað sveitartjóra um stöðu verkefna.

Fundargerðir til kynningar

12. 2103053 - Fundargerðir 2021 stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga

Fundargerð 64. fundar stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga sem fór fram 13.12.2021

10.01.2022

Ólafur Þór Ólafsson, Sveitarstjóri.